| Nr.: GAT-045 | Verkmenntaskólinn á Akureyri | |
|---|---|---|
| Útgáfa: 08 | | |
| Dags.: 30.08 2011 | | |
| Höfundur: HRS | ENS 403 | |
| Samþykkt:SHJ | | |
| Síða 1 af 2 | Kennsluáætlun haustönn 2013 | |

| Kennari | Guðjón Ólafsson | Sk.st. | GÓL |
|---|---|---|---|

## Áfangalýsing:

Áhersla lögð á aukna fjölbreytni í lestrarefni, t.d. bókmenntaverk, tímarit og dagblöð. Áhersla á aukna færni í bókmenntafræðilegri greiningu. Sérstök áhersla á skipulega framsetningu hugmynda í rituðu og töluðu máli. Kynning á menningu enskumælandi landa. Aukin áhersla á sjálfstæð vinnubrögð nemenda, m.a. við öflun upplýsinga á bókasöfnum, Netinu og í margmiðlunarefni. Undanfari: ENS 303

## Markmið:

1. Nemandi auki almennan orðaforða sinn og þekkingu á orðaforða og hugtökum bókmenntafræði
2. Nemandi geti lesið og skilið fjölbreytilegt lesefni
3. Nemandi auki færni sína við túlkun bókmenntaverka
4. Nemandi geti tjáð sig á skipulegan, rökrænan og samfelldan hátt í rituðu og töluðu máli
5. Nemandi geti hlustað á og skilið raunefni, t.d. fréttaþætti og ýmiss konar fræðsluefni
6. Nemandi öðlist dýpri skilning á uppbyggingu málsins
7. Nemandi kynnist menningu enskumælandi landa

## Námsgögn:

- *Much Ado About Nothing* eftir William Shakespeare; Hvaða óstytta útgáfa sem er, fæst í bókabúðum
- *Treasure Island* eftir Robert Louis Stevenson; Hvaða óstytta útgáfa sem er, fæst í bókabúðum
- *Echoes of English 403 Autumn 2013:* hefti fæst á skrifstofu VMA

## Áætlun um yfirferð:

| Vika | Námsefni | Verkefni |
|---|---|---|
| **34 - 37** 22. ágúst til 12. september | Kynning á efni annarinnar, höfundarnir skoðaðir og hugsanlega gerð verkefni um þá. Byrjað að lesa og fjalla um *Much Ado About Nothing.* Ýmislegt efni skoðað í *Echoes of English* heftinu, verkefni gerð í Moodle og í tímum. | Stílar, þýðingar og önnur tilfallandi verkefni eins og þurfa þykir. |
| **38 - 41** 16. september til 11. október | Haldið áfram með umfjöllun og yfirferð í *Much Ado About Nothing.* Skáldsagan *Treasure Island* lesin að mestu sjálfstætt og án mikillar umfjöllunar í tímum. Ýmislegt efni skoðað í *Echoes of English* heftinu, gerð verkefni í Moodle og í tímum. | Próf úr fyrstu tveim þáttunum *Much Ado About Nothing.* Próf úr fyrri hluta *Treasure Island* í Moodle eða í tíma. Stílar, þýðingar og önnur tilfallandi verkefni eins og þurfa þykir. |

| | | |
|---|---|---|
| **42 - 45** 14. oktober til 6. nóvember | Haldið áfram með umfjöllun og yfirferð í *Much Ado About Nothing.* Haldið áfram með lestur á *Treasure Island.* Ýmislegt efni skoðað í *Echoes of English* heftinu, verkefni gerð á Moodle og í tímum. | Próf úr þáttum 3 og 4 úr *Much Ado About Nothing.* Próf úr seinni hluta *Treasure Island* á Moodle. Stílar, þýðingar og önnur tilfallandi verkefni eins og þurfa þykir. |
| **46 - 49** 11 nóvember til 3. desember | Umfjöllun um *Much Ado About Nothing* lokið. Ýmislegt efni skoðað í *Echoes of English* heftinu, verkefni unnin í Moodle og í tímum. Munnlegt próf í síðustu viku annarinnar. | Verkefni unnin úr 5. þætti *Much Ado About Nothing* og/eða leikritinu í heild. Skriflegt lokaverkefni úr *Treasure Island.* Stílar, þýðingar og önnur tilfallandi verkefni eins og þurfa þykir. |

## Námsmat og vægi námsþátta:

| **Námsmat** | **Lýsing** | **Vægi** |
|---|---|---|
| Annarpróf | | 50% |
| *Much Ado About Nothing* | Þrjú skrifleg, jafnvæg verkefni úr þáttum 1-2, 3-4 og 5 unnin í tímum | 20% |
| *Treasure Island* | Tvö verkefni unnin í tímum, 2,5% hvort<br>Skriflegt verkefni 5% | 10% |
| Munnlegt próf | Tekið í lok annar | 10% |
| Annað | Ýmis ótilgreind verkefni unnin heima og í tímum | 10% |
| | | 100% |

## Heildarnámsmat:

Nemendum ber að skila öllum verkefnum sem sett eru fyrir og halda sig innan þeirra marka sem kveðið er á um í mætingareglum. Skilafrestur rennur út á miðnætti á skiladag. Skilafrestur verður ekki framlengdur. Nái nemandi ekki að skila á réttum tíma þá lækkar einkunn um einn heilan fyrir hvern virkan dag sem líður. Sé verkefni ekki skilað jafngildir það 0 í einkunn. Lágmarkseinkunn er 5 og skal hver nemandi ná henni í prófseinkunn. Það þýðir að námseinkunnir reiknast ekki með í annareinkunn nema nemandinn nái einkunninni 5 (þ.e. 45 til 54% markmiða náð) á prófi.

**Verði nemandi uppvís að ritstuldi við samningu ritgerða eða annarra verkefna fær hann einkunnina 0,0 fyrir viðkomandi verkefni. Endurtekin brot geta varðað brottvikningu úr áfanganum.**

Birt með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning: 20.08.2013

Undirritun kennara

Sigurður H. Sigurðsson 22/8/2013

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils